

Alþingi
Erindi nr. P 131/518
komudagur 7.12.2004



Jafnréttisstofa

Félagsmálanefnd
Alþingi
150 Reykjavík.

Akureyri 6. des. 2004.


Efni: Umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til breytinga á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, mál 22, orlofslaun.

Með bréfi dags. 17. nóvember 2004 óskaði nefndin eftir umsögn Jafnréttisstofu um frumvarp til breytinga á ofangreindum lögum. Eftirfarandi er umsögn stofnunarinnar:

Markmið laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 er að viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Hlutverk Jafnréttisstofu er skv. 3. gr. 1. nr. 96/2000 að fylgjast með þjóðfélagsþróuninni í jafnréttismálum m.a. með upplýsingaöflun og rannsóknum og hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Þegar verið er að skoða orlofstöku kynjanna skv lög um fæðingar- og foreldraorlof er ljóst að konur nýta sér þennan rétt mun meira en karlar. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins eru meðaldagafjöldi kvenna í fæðingarorlofi 2003 182 dagar en karla 94 dagar. Konur missa því mun frekar orlofsrétt vegna töku fæðingarorlofs.

Jafnréttisstofa vill því benda á að konur eru að þessu leyti verr staddar en karlar og því ástæða til að staða kynjanna að þessu leyti verði jöfnuð.

Virðingarfyllst


Margrét María Sigurðardóttir framkvæmdastjóri